

Nd.

596. Frumvarp til laga

[289. mál]

um lántökuheimild fyrir rikissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd rikissjóðs að gefa út rikisskuldabréf allt að 600 millj. króna.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja þau skuldabréf, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir visitölu.

3. gr.

Skuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, má rikissjóður einungis selja Viðlagasjóði og skulu þau vera óframseljanleg. Lánsfé það, sem aflað er með sölu rikisskuldabréfa þessara, skal lagt inn á sérstakan reikning rikissjóðs við Seðlabankann vegna skuldbindinga Viðlagasjóðs.

4. gr.

Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúðarhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, en hyggjast koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur sínar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs. Innstæður á reikningum þessum verða verðtryggðar á sama hátt og skuldabréf þau, sem gefin kunna að vera út skv. lögum þessum, og er það forsenda verðtryggingar, að innstæðum verði varið til eigin íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Innlánstími og önnur kjör skulu ákveðin af fjármálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Viðlagasjóðs og Seðlabankans.

5. gr.

Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til á vegum Viðlagasjóðs með mótvirði þeirra rikisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum þessum, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.

6. gr.

Skilyrði verðtryggingar skv. 4. og 5. gr. er, að óhafnar, en gjaldfallnar bætur verði færðar beint, skv. ávísan bótaþega, inn á verðtryggðan reikning hans, en þegar hafnar bætur skulu greiddar inn á verðtryggðan reikning fyrir 1. maí n. k., eigi þær einnig að falla undir verðtryggingarkjör.

7. gr.

Fjármálaráðherra ákveður að öðru leyti fyrirkomulag verðtrygginga, önnur kjör og tímalengd þeirra rikisskuldabréfa, sem út kunna að verða gefin skv. lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem öllum er kunnugt, hefur þróun mála í Vestmannaeyjum og framtíðarhorfur þar, orðið mun hagstæðari en hjartsýnustu vonir stóðu til. Eldgosinu lauk í júnímánuði s. l., og hafa menn nú í meginatriðum gert sér grein fyrir hvert tjón varð á mannvirkjum í Vestmannaeyjum.

Gert er ráð fyrir nú, að um 400 íbúðir hafi orðið eldi að bráð eða eyðilagst af völdum gossins, eða tæpur þriðjungur byggðarinnar.

Fjöldi Vestmannaeyinga hefur þegar snúið heim og margir vilja snúa heim eins fljótt og unnt er. Tilfinnanlegur húsnæðisskortur er nú þegar fyrir hendi í Vestmannaeyjum og er nauðsynlegt að hefja þar byggingu íbúðarhúsnæðis hið allra fyrsta. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur þegar hafið undirbúning að skipulagningu nýs íbúðarhúsaahverfis, og er þegar gert ráð fyrir, að þar verði milli 300 og 400 íbúðir. Ekki verður unnt að hefjast handa við byggingarframkvæmdirnar í stórum stíl fyrr en í sumar og á næsta ári og alllangan tíma tekur að reisa húsin og gera þau íbúðarhæf.

Viðlagasjóður greiðir eigendum eyðilagðra húsa bætur. Er gert ráð fyrir, að heildarbætur vegna þessa nemi um kr. 1 070 millj. Bótageiðslur hófust í októbermánuði s. l. og er gert ráð fyrir, að þeim verði lokið á miðju þessu ári.

Þess er vænst, að flestir bótaeigendur hyggist byggja að nýju í Vestmannaeyjum. Nokkur tími mun líða, þar til þau hús verða íbúðarhæf. Af þessum ástæðum er ætlunin að gefa þeim, er bætur eiga, kost á því að láta þær standa inni á reikningi á vegum Viðlagasjóðs, enda séu þær verðtryggðar. Mætti hugsa sér, að þær mætti taka út í fyrsta lagi að einu ári liðnu frá því að bótageiðslur hófust, enda liggja fyrir vottorð byggingarfulltrúa í Vestmannaeyjum, um að húsnæði hlutaðeiganda sé fokhelt. Lengst yrði verðtryggingin til fimm ára. Yrði nánara fyrirkomulag ákveðið af fjármálaráðherra í samráði við stjórn Viðlagasjóðs og Seðlabankans. Til þess að standast þessar skuldbindingar, mundi sjóðurinn kaupa verðtryggð skuldabréf af ríkissjóði. Þessi bréf yrðu ekki seld á almennum markaði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.